

143. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn miðvikudaginn 17.05. 2023, kl. 17.30 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Heiðar Magnússon,
Viktoría Kr. Guðbjartsdóttir,
Rúnar Gunnarsson,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 09.12. 2022, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 142. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 448 dags. 16.12. 2022, nr. 449 dags. 20.01., nr. 450 dags. 17.02., nr. 451 dags. 24.03. og nr. 452 dags. 19.04. 2023. Lagt fram til kynningar.
3. Bréf frá Vegagerðinni dags. 05.02. 2023, varðandi fjárveitingu til hafnarframkvæmda í höfnum Snæfellsbæjar árið 2023, en gert er ráð fyrir fjárveitingu til framkvæmda við verkið “Ólafsvík – stækkun og hækkun harðviðarbryggju 320 m².” Um er að ræða harðviðarbryggju við gafl stálpils við Norðurtanga í Ólafsvík. Hafnarstjórn gerir ekki athugasemdir við efni bréfsins.
4. Ársreikningur Hafnarsjóðs Snæfellsbæjar fyrir árið 2022. Hafnarstjóri kynnti ársreikninginn og fór yfir helstu liði hans. Ársreikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.20

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður
Heiðar Magnússon
Viktoría Kr. Guðbjartsdóttir
Rúnar Gunnarsson
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.